


Umboðsmaður Alþingis
Skúli Magnússon
Þórshamri, Templarasundi 5
101 Reykjavík



BARNAVERNDARSTOFA

Reykjavík, föstudagur, 19. nóvember 2021
Tilvísun: 2018110026/07

Efni: Viðbrögð Barnaverndarstofu við skýrslu umboðsmanns Alþingis í kölfar OPCAT- eftirlits á lokaðri deild Stuðla

Barnaverndarstofa vísar til fyrri samskipta við skrifstofu umboðsmanns Alþingis í kjölfar útgáfu skýrslu vegna heimsóknar starfsmanna embættisins á Stuðla. Umrædd skýrsla er úttekt embættisins á lokaðri deild meðferðarstöðvarinnar á grundvelli OPCAT-eftirlits. Skýrslan var gefin út þann 14. maí 2020 og þann sama dag óskaði umboðsmaður eftir því að vera upplýstur um viðbrögð Barnaverndarstofu og Stuðla við þeim ábendingum, tilmælum sem og öðrum aðgerðum sem talið hafi verið tilefni til að ráðast í vegna skýrslunnar. Óskað var eftir því að svörin bærust skrifstofu umboðsmanns eigi síðar en þann 1. desember 2020. Barnaverndarstofu og Stuðlum bárust drög að skýrslunni þann 5. febrúar 2020 og skiluðu athugasemdum sínum þann 27. febrúar s.á. Í kjölfarið var hafist handa við að bregðast við tilmælum og ábendingum sem settar voru fram í drögunum. Auk þess var hafist handa við að taka saman skriflegt svar við skýrslunni. Þá voru gerð drög að verklagi fyrir ráðgjafa á neyðarvistun Stuðla og útbúin drög að upplýsingabæklingi um neyðarvistun Stuðla. Viðbrögð við skýrslunni voru unnin á meðferðar- og fóstursviði Barnaverndarstofu með aðkomu forstöðumanns Stuðla. [REDACTED]

[REDACTED] Við mannabreytingar á sviðinu urðu þau mistök að þessu verkefni var ekki fylgt eftir sem skyldi auk þess sem ekki var ljóst innan sviðsins hver bæri ábyrgð á umræddu verkefni og hver staða þess var. Barnaverndarstofu barst ítrekuð beiðni um skrifleg viðbrögð við skýrslunni þann 23. ágúst 2021. Strax og umrædd ítrekun barst stofunni hafði settur sviðsstjóri meðferðar- og fóstursvið samband við skrifstofu umboðsmanns Alþingis og greindi frá stöðu málsins auk þess að gera grein fyrir því að ráðist yrði í að fara yfir það sem út af stæði. Við þá yfirferð kom í ljós að ákveðin atriði höfðu ekki verið skoðuð sérstaklega með aðkomu lögfræðings og starfsmanna Stuðla. Í samtali við skrifstofu umboðsmanns var tekin ákvörðun um að skila inn þeim viðbrögðum sem lágu fyrir og gera í leiðinni grein fyrir því sem útaf stóð. Þar er um að ræða eftirfarandi ábendingar og tilmæli:


- *Jafnframt þarf að greina eðli og efni þeirra ákvarðana sem teknar eru í tengslum við vistun barna á neyðarvistun Stuðla með það í huga að skilgreina hvaða ákvarðanir teljast almennt stjórnvalds-ákvæðanir sem líta reglum stjórnsýslulaga. Sérstaklega þarf í þessu sambandi að huga að ákvörðunum*

sem fela í sér annað og meira en ákvörðun um vistun barnsins, einkum hvers kyns þvinganir, valdbeitingu og inn grip í friðhelgi einkalífs.

- Endurskoða þarf núverandi verklag á neyðarvistun og gera viðeigandi breytingar til að gæta að því að einstökum ákvörðunum sem teljast stjórnvaldsákvæðarnir sé fyrirfram beint í réttan farveg af hálfu starfsmanna og að úrlausn þeirra og niðurstaða taki mið af þeim kröfum sem leiðir af stjórnsýslulögum nr. 37/1993 og óskráðum reglum stjórnsýsluréttarins, s.s. um leiðbeiningar um heimild til að fá ákvörðun rökstudda, kvörtunarleiðir og kærueimildir, ef við á. Hér þarf að huga að samspili reglna stjórnsýsluréttar og málsmeðferðarreglna í sér lögum.
- Þegar teknar eru stjórnvaldsákvæðanir þarf m.a. að tryggja að slíkar ákvæðanir séu skráðar og fyrir liggja hvaða rök búi þeim að baki. Hér þarf að huga að samspili reglna stjórnsýsluréttar og sérstakrar skráningarskyldu samkvæmt 27. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012
 - Bæta þarf skráningu við upphaf vistunar, m.a. um grundvöll og markmið vistunar og um líkamsleit við komu.
 - Bæta þarf skráningu um þvingunaraðgerðir, t.d. líkamsleit (þ. á m. leit í munnholi). Þá þarf að skrá afstöðu barnsins til þvingunarráðstöfunar, hversu lengi inn grip eða þvingun á sér stað (t.d. við gát), hvort leiðbeiningar um kvörtunar- og kæruleiðir hafi verið veittar auk þess að tryggja að viðeigandi undirskriftir séu fyrir hendi.
- Upplýsa þarf starfsfólk neyðarvistunar og standa fyrir fræðslu um umræddar stjórnsýslureglur og aðrar reglur sem gilda um réttindi barna sem þar vistast, hvenær þær eiga við og hvernig eigi að beita þeim, m.a. með tilliti til mannréttindareglna.

Fyrir liggur að Barnaverndarstofa verður lögð niður um komandi áramót og við tekur ný stofnun, Barna- og fjölskyldustofa, þann 1. janúar 2022. Sú stofnun mun m.a. taka yfir hlutverk Barnaverndarstofu að reka úrræði á grundvelli 79. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Er þar m.a. um að ræða meðferðastöð ríkisins Stuðla. Nú stendur yfir undirbúningur að því að koma nýrri stofnun á fót sem mun vera leiðandi í samþættri þjónustu fyrir börn. Viðbrögð við framangreindum ábendingum og tilmælum sem útaf standa mun vera eitt af fyrstu verkefnum nýrrar stofnunar auk þess sem framangreind atriði munu að einhverju leyti falla saman við þá vinnu sem framundan er við seinni hlutann á breytingum á barnaverndarlögum. Þá verður einnig gætt að því að skýrt sé hver ber ábyrgð á verkefninu og að þeir sérfræðingar sem þurfa að koma að slíku verkefni geri það. Er í þeim efnum bæði horft til starfsmanna á Stuðlum, lögfræðinga á skrifstofu stofnunarinnar og öðrum sérfræðingum í málefnum barna.

Beðist er velvirðingar á þeim drætti sem orðið hefur á viðbrögðum Barnaverndarstofu og Stuðla við skýrslu umboðsamanns á grundvelli OPCAT- eftirlits.



Reykjavík, föstudagur, 19. nóvember 2021
Tilvísun: 2018110026/07

Viðbrögð Barnaverndarstofu og Stuðla við ábendingum og tilmælum frá umboðsmanni Alþingis í OPCAT-skýrslu

Hér að neðan er gerð grein fyrir viðbrögðum Barnaverndarstofu og Stuðla við tilmælum frá umboðsmanni Alþingis sem er að finna í OPCAT-skýrslu embættisins, dags. 14. maí 2020.. Í fylgibréfi eru listuð upp þau tilmæli sem á eftir að greina sérstaklega auk þess sem farið er yfir ástæður þeirra tafa sem orðið hafa á svari frá Barnaverndarstofu.

Kaflí 6 – Vistun á Stuðlum, bls. 25-33

Í 6. kafla skýrslunnar eru settar fram eftirfarandi ábendingar og tilmæli sem varða lagalegan grundvöll vistunar á lokaðri deild

- *Endurskoða [þarf] núverandi reglur og verklag þegar teknar eru ákvarðanir um að vista börn á neyðar-vistun þannig að fyrir liggi á hvaða lagagrundvelli vistun þeirra byggist. Viðeigandi upplýsingar og gögn þurfa að liggja fyrir hverju sinni og form slíkra umsókna og ákvarðana þarf að vera með þeim hætti að ljóst sé á hvaða grundvelli barn er vistað.*

Barnaverndarstofa og Stuðlar hafa brugðist við framangreindri ábendingu og tilmælum með því að breyta reglum og verklagi varðandi vistun barns á neyðarvistun/lokaðri deild. Verklagi og reglum hefur verið breytt á þann hátt að gerð er krafa um að skrifleg beiðni liggi fyrir áður en barn fer inn á lokaða deild. Í beiðni þarf að tiltaka lagagrundvöll vistunarinnar, þ.e.a.s. að fram komi hvort foreldri og eftir atvikum barn hafi samþykkt vistun, hvort um sé að ræða neyðarráðstöfun með eða án samþykkis. Hin skriflega beiðni er í formi eyðublaðs sem er að finna á heimasíðu Barnaverndarstofu (<https://www.bvs.is/fyrir-fagfolk/eydublod/#tab4>).

- *Samhliða [framangreindu] þarf að endurskoða núverandi reglur og verklag við slíkar ákvarðanir til að börn sem eru vistuð á neyðarvistun fái fullnægjandi upplýsingar um á hvaða grundvelli þau séu vistuð þar og áhrif þess, m.a. til að þeim sé ljóst að í þeim tilvikum sem vistun byggist á samþykki þeirra hafi þau heimild til að draga samþykki*

sitt til baka samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga. Að sama skapi þarf eftir atvikum að veita forsjáraðilum sambærilegar upplýsingar.

Barnaverndarstofa og Stuðlar hafa í þessu tilliti sett saman bækling með upplýsingum um almennar reglur sem gilda á deildinni. Í bæklingnum er einnig gerð grein fyrir því að reglunar fela í sér bæði þvingun og inngrip í friðhelgi viðkomandi ungmennis auk þess sem starfsmenn deildarinnar hafi heimild til þess að stöðva ofbeldi og alvarlegar hótanir með þvingun sem felst í því að halda ungmenni og færa ungmenni í lokað rými, sbr. 3. mgr. 82. gr. bvl. og reglur Barnaverndarstofu um réttindi barna og beitingu þvingunar á meðferðarheimilum undir yfirstjórn Barnaverndarstofu. Þar er enn fremur fjallað um með hvaða hætti unnt er að koma á framfæri kvörtun ef ungmenni telur að eitthvað hafi misfarist í vistun þess á lokaðri deild. Umræddur bæklingur er afhendur ungmenni og foreldri við innskrift á deildina eða um leið og unnt er. Aðstæður geta verið með þeim hætti að foreldri er ekki á staðnum auk þess sem meta verður hvort rétt sé að afhenda og kynna viðkomandi ungmenni bæklinginn strax eða hvort biða eigi þar til ástand ungmennis er orðið betra. Starfsmenn á lokaðri deild Stuðla leitast ávallt við að veita börnunum munnlegar upplýsingar um réttindi þeirra þegar þau koma á lokaða deild. Þá gera barnaverndarlög einnig þá kröfu á starfsmenn barnaverndarnefnda að gera foreldrum og eftir atvikum barni grein fyrir eðli og réttaráhrifum þess að samþykkja vistun barns utan heimilis, hvort sem um er að ræða vistun á lokaðri deild Stuðla eða annars konar vistun.

- *Bæta þarf upplýsingagjöf til starfsmanna neyðarvistunar og veita þeim fræðslu um lagagrundvöll og framkvæmd vistunar barna sem þar dveljast til að viðbrögð þeirra í einstökum málum, t.d. við beiðnum um að yfirgefa neyðarvistun, taki mið af aðstæðum hverju sinni og séu í samræmi við lög.*

Barnverndarstofa mun bregðast við framangreindri ábendingu með því að setja saman sérstaka fræðslu fyrir starfsmenn Stuðla bæði á lokaðri deild og meðferðardeild varðandi lagagrundvöll og framkvæmd vistana. Stofan hefur frá upphafi verið með fræðslu og námskeið fyrir starfsmenn barnaverndarnefndar um sambærileg atriði og eðlilegt að hafa reglulega fræðslu fyrir þá starfsmenn sem starfa í úrræðum á vegum Barnaverndarstofu. Líkt og áður hefur verið rakið í skriflegum viðbrögðum stofunnar er búið að skerpa á verklagi sem starfsmenn lokaðrar deildar vinna eftir með hliðsjón af lagagrundvelli og framkvæmd vistunar barna. Jafnframt er unnið að því að uppfæra handbók meðferðarheimila sem starfsmenn hafa getað stuðst við í störfum sínum með það fyrir augum að gera fræðslu fyrir starfsmenn aðgengilegri. Einnig stendur til að leita leiða til þess að auka aðgengi starfsmanna Stuðla að þeim sérfræðingum sem starfa á skristofu stofnunarinnar ef upp kemur vafi í tengslum við starfið og meðferð ungmenna.

- *Að hugað sé að því hvernig draga megi úr því að frelsissvipting barna sem eru vistuð á neyðarvistun verði lengri en leyfileg hámarksdvöl samkvæmt núgildandi reglum, þ.e. umfram 14 daga, og þar með að vistun þeirra verði ekki meira íþyngjandi en þörf er á.*

Ávallt er reynt að hafa dvöl barna á lokaðri deild sem stysta. Í kjölfar þess þess að barn er vistað á lokaðri deild er brýnt fyrir starfsmönnum barnaverndarnefnda að vistun á lokaðri deild þjóni aðeins þeim tilgangi að stöðva skaðlega hegðun barns og þar af leiðandi megi ekki líta svo á að um sé að ræða vistheimili á vegum ríkisins. Í þeim tilvikumsem vistun barns á lokaðri deild þjónar ekki lengur framangreindum tilgangi óskar forstöðumaður Stuðla eftir því við viðkomandi barnaverndarnefnd að barnið sé sótt og vistun þess á lokaðri deild ljúki. Barnið getur þá farið aftur í umsjá foreldra sinna eða á annan vistunarstað á vegum viðkomandi nefndar ef aðstæður á heimili þess eru ekki viðunandi.

Kafli 7 – Þvingunarráðstafanir, alvarleg agaviðurlög og takmarkanir á frelsi og friðhelgi barna, bls. 34-71

Ábendingar og tilmæli sem varða lagalegan grundvöll þvingunaraðgerða (bls. 59-60)

- *Skilgreina þarf og greina með skýrari hætti en nú er gert í starfi og starfsreglum neyðarvistunar hvaða athafnir og ákvarðanir gagnvart börnum sem þar vistast teljast fela í sér þvinganir eða inn grip í friðhelgi einkalífs þeirra.*
 - *Þar þarf að hafa í huga að ákvarðanir sem fela í sér þvinganir, s.s. gát, líkamleg þvingun, líkamsleit, notkun öryggisrýmis og krafa um líkamssýni, þurfa ávallt að byggjast á lagastoð og framkvæmd slíkra ákvarðana verður að vera í samræmi við ákvæði 82. gr. barnaverndarlaga, stjórnarskrá og mannréttindasjónarmið, eins og nánar er rakið í 7. kafla skýrslunnar.*
 - *Hið sama á við um ákvarðanir sem fela í sér hvers konar inn grip í friðhelgi einkalífs barna, s.s. líkamsleit án samþykkis, þ.m.t. leit í munni, leit á þeim og í herbergjum þeirra, haldlagning muna og eftirlit með póstsendingum, símtölum og öðrum samskiptum. Þar þarf að hafa í huga að slíkt er almennt ekki heimilt nema sérstök ástæða þyki til en má ekki ráðast af tilviljun án mats á fyrirbyggjandi aðstæðum og gæta þarf meðalhófs.*
- *Að lokinni þessari greiningu er rétt að Barnaverndarstofa og neyðarvistun Stuðla geri félags- og barna-málaráðherra grein fyrir niðurstöðum sínum með það í huga að upplýsa ráðuneyti hans um það ef áfram er talin þörf á einhverjum þeim þvingunum og inn gripum sem beitt hefur verið en þurfa að byggjast á sérstökum lagaheimildum um framangreind atriði eða skýrari heimildum en þeim sem nú eru fyrir hendi.*

Fyrir liggur að neyðarvistun Stuðla er lokað deild sem ætlað er að tryggja öryggi barna vegna alvarlegrar áfengis- og vímuefneyslu, hegðunarerfiðleika, óupplýstra afbrota, ofbeldis, útgangs eða stjórnleysis. Markmið með vistuninni er að stöðva óæskilega hegðun meðan önnur úrræði

eru undirbúin. Þá er hámarks vistunartími á lokaðri deild 14 dagar. Ávallt er stefnt að því að vistun barns á lokaðri deild sé eins stutt og mögulegt er. Lokuð deild Stuðla er með þýngstu úrræðum sem barnaverndarnefndir nýta. Með hliðsjón af eðli úrræðisins geta þær almennu reglur sem gilda á deildinni falið í sér ýmist þvingun eða innngrip í friðhelgi. Um er að ræða almennar reglur sem gilda um starfsemina og tekur til allra skjóstaðinga sem þar dvelja. Reglurnar byggja á meðalhófi og ráðast ekki af tilviljun án mats á fyrirbyggjandi aðstæðum. Aðstæður ungmenna sem innskrifast á lokaða deild eru ávallt erfiðar þar sem ekkert ungmenni innskrifast þar inn nema fyrir liggi að vægari úrræði komi ekki að gagni og því nauðsynlegt að hafa stífan ramma utan um starfsemina. Líkt og fram hefur komið hefur umrætt verklag verið uppfært með þeim hætti að fjallað er um almennar reglur sem fela í sér ýmist þvingun eða innngrip í friðhelgi auk þess sem fjallað er um sértæk innngrip og þvinganir og þá málsmeðferð sem tekur við ef til þess kemur að beita þarf tilteknum þvingunaraðgerðum umfram hinar almennu reglur.

Barnaverndarstofa tekur heilshugar undir það sem fram kemur í skýrslunni að mikilvægt sé að stofan kortleggi umræddar aðgerðir með nákvæmari hætti. Horfir stofan í þeim efnum sérstaklega til starfsemi meðferðarheimila sem stofan rekur og bjóða upp á lengri meðferð. Að mati stofunnar er mikilvægt að greina með nákvænum hætti hvernig unnt er að gera mat á ákvörðunum um þvingun og innngrip í friðhelgi meira einstaklingsbundið. Á hinn bóginn er það mat stofunnar að ákveðnar reglur þurfi að gilda almennt og fyrir alla þá sem innskrifast á deildina í ljósi eðli starfseminnar og þess markmiðs sem að er stefnt með vistun á lokaðri deild.

Barnaverndarstofa tekur einnig undir ábendingar og tilmæli sem koma fram í skýrslunni varðandi nauðsyn þess að skýra betur þær lagaheimildir sem liggja til grundvallar þvingunum og innripum í friðhelgi einkalífs á lokuðu deildinni. Stofan hefur ítrekað bent á það í samskiptum sínum við félagsmálaráðuneytið að heimildir til þvingana séu ekki nógu skýrar og ótækt sé að styðjast að mestu leyti við reglur sem Barnaverndarstofa hefur sett sjálf með stoð í ákvæði 82. gr. barnaverndarlaga. Þá hefur stofan ennfremur kallað eftir setningu umræddrar reglugerðar. Fyrir liggur að mikil vinna hefur verið til staðar í félagsmálaráðuneytinu sl. ár í málefnum barna almennt. Einnig hefur átt sér stað vinna við breytingar á barnaverndarlögum. Sú vinnar var umfangsmeiri en gert var ráð fyrir og var því ákveðið að skipta henni upp í tvo hluta. Fyrri hluta vinnunnar lauk með breytingum á barnaverndarlögum sem taka gildi þann 1. janúar nk. Seinni hluti þeirrar vinnu er að hefjast í félagsmálaráðuneytinu og hluti ef henni er að taka til skoðunar umræddar þvingunarheimildir og uppfæra þær að þeim kröfum sem gerðar eru til slíkar heimilda, sbr. lagaáskilnaðarreglu stjórnarskrárinnar og önnur atriði sem fjallað er um skýrslu umboðsmanns. Að mati Barnaverndarstofu er mikilvægur liður í þeirri vinnu að gera kvörtunarleiðir skýrari fyrir þau ungmenni sem upplifa að á rétti þeirra hafi verið brotið inni á lokaðri deild. Barnaverndarstofa hefur verið í samskiptum við félagsmálaráðuneytið vegna þessa og mun leggja sitt af mörkum við þessa vinnu verði eftir því óskað.

- *Jafnframt þarf að greina eðli og efni þeirra ákvarðana sem teknar eru í tengslum við vistun barna á neyðarvistun Stuðla með það í huga að skilgreina hvaða ákvarðanir teljast almennt stjórnvalds-ákvarðanir sem lúta reglum stjórnsýslulaga. Sérstaklega þarf í þessu sambandi að huga að ákvörðunum sem fela í sér annað og meira en ákvörðun um vistun barnsins, einkum hvers kyns þvinganir, valdbeitingu og inngrip í friðhelgi einkalífs.*
- *Endurskoða þarf núverandi verklag á neyðarvistun og gera viðeigandi breytingar til að gæta að því að einstökum ákvörðunum sem teljast stjórnvaldsákvarðanir sé fyrir fram beint í réttan farveg af hálfu starfsmanna og að úrlausn þeirra og niðurstaða taki mið af þeim kröfum sem leiðir af stjórnsýslulögum nr. 37/1993 og óskráðum reglum stjórnsýsluréttarins, s.s. um leiðbeiningar um heimild til að fá ákvörðun rökstudda, kvörtunarleiðir og kærueimildir, ef við á. Hér þarf að huga að samspili reglna stjórnsýslu-réttar og málsmeðferðarreglna í sérlögum.*
- *Þegar teknar eru stjórnvaldsákvarðanir þarf m.a. að tryggja að slíkar ákvarðanir séu skráðar og fyrir liggi hvaða rök búi þeim að baki. Hér þarf að huga að samspili reglna stjórnsýsluréttar og sérstakrar skráningarskyldu samkvæmt 27. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012*
 - *Bæta þarf skráningu við upphaf vistunar, m.a. um grundvöll og markmið vistunar og um líkams-leit við komu.*
 - *Bæta þarf skráningu um þvingunaraðgerðir, t.d. líkamsleit (þ. á m. leit í munnholi). Þá þarf að skrá afstöðu barnsins til þvingunarráðstöfunar, hversu lengi inngrip eða þvingun á sér stað (t.d. við gát), hvort leiðbeiningar um kvörtunar- og kæruleiðir hafi verið veittar auk þess að tryggja að viðeigandi undirskriftir séu fyrir hendi.*
- *Upplýsa þarf starfsfólk neyðarvistunar og standa fyrir fræðslu um umræddar stjórnsýslureglur og aðrar reglur sem gilda um réttindi barna sem þar vistast, hvenær þær eiga við og hvernig eigi að beita þeim, m.a. með tilliti til mannréttindareglna.*

Framangreind atriði verða eitt af fyrstu verkefnum nýrrar stofnunar Barna- og fjölskyldstofu, sjá fylgibréf.

- *Fylgja þarf eftir áformum um að skerpa á verklagi þegar þvinganir eru tilkynntar til Barnaverndarstofu sem virðast miða að því að skýrslur berist fyrir og brugðist sé strax við þeim ef tilefni er til.*

Undanfarin ár hefur verið unnið eftir óskrifuðu verklagi við yfirferð á þvingunarskýrslum. Fyrir liggur að nauðsynlegt var að skrá verklagið þannig það sé aðgengilegt bæði starfsmönnum og aðilum sem nota þjónustu Stuðla, þ.e.a.s barnaverndarstarfsmönnum, ungmennum og foreldrum. Barnaverndarstofa hefur nú þegar brugðist við með því að skerpa á verklaginu og skrá það. Þar koma fram tilteknir tímafrestir til þess að gæta að því að skýrslurnar séu yfirfarnar af sérfræðingi á skrifstofu Barnaverndarstofu eins fljótt og verða má og að um sé að ræða samtímaeftirlit. Umrætt verklag er meðfylgjandi. Barnaverndarstofa bendir á að hafin er undirbúningur að því að setja allar tegundir af gát, þ.e.a.s. sjálfskaðagát, ofbeldisgát og neyslugát í sama feril og aðrar þvinganir, sbr. ábendingar í skýrslunni.

- *Þá er mikilvægt að starfsmenn neyðarvistunar séu upplýstir um mikilvægi þess að takmarka ekki rétt barna sem þar dvelja til að ræða einslega við nána aðstandendur, Barnaverndarstofu, starfsmenn barna-verndarnefnda sem sjá um mál þeirra, umboðsmann Alþingis, lögmenn eða talsmenn þeirra.*

Ungmenni sem vistuð eru á lokaðri deild Stuðla eru í einrúmi þegar þau ræða við foreldra, lögmenn og aðra þá aðila sem taldir eru upp í tilmælum umboðsmanns. Slík samtöl fara fram á vaktherberginu og líkt og fram kemur í meðfylgjandi verklagi þá er almenna reglan sú að starfsmenn eru ekki langt undan þar sem ákveðin fylgni er á milli símtala og uppákoma. Óski ungmanni eftir því að hurð sé lokað á meðan á slíku símtali stendur er fallist á það. Það er mat Barnaverndarstofu að breyta þurfi þessu fyrirkomulagi með þeim hætti að setja upp sérstaka aðstöðu fyrir slík samtöl. Í vaktherbergi eru tölvur og annar búnaður sem oft verður fyrir tjóni í kjölfar þess að ungmanni kemst í uppnám í símtali. Framangreint verður hluti af þeim atriðum og útfærslum sem þarf að skoða með innanhúsarkitekt, fasteignum ríkisins og kostnaði.

- *Þá er því jafnframt beint til Barnaverndarstofu og neyðarvistunar Stuðla að fylgja eftir áformum um að gera breytingar á inngangi á neyðarvistunar til að tryggja eins og kostur er að börn sem þangað koma séu ekki í auglýsni annarra en þeirra sem þurfa að sinna þeim við komuna.*

Barnaverndarstofa og Stuðlar hafa nú þegar brugðist við framangreindri ábendingu með þeim hætti að nýta annan inngang sem er í meira skjóli frá utankomandi aðilum.

Kaflí 8 – Umhverfi og aðbúnaður, bls. 62-68

Ábendingar og tilmæli sem varða aðbúnað og öryggi (bls. 68)

- *Leitað verði leiða til að gera umhverfi neyðarvistunarinnar vistlegra og hlýlegra.*

Forstöðumaður Stuðla og starfsmenn eru alltaf að leita leiða til þess að gera rýmin bæði á lokaðri deild og meðferðardeild heimilisleg, vistleg og hlýleg. Undanfarin ár hefur verið leitað ýmissa leiða til þess að gæta vel að þessum atriðum sérstaklega á lokaðri deild án þess að slíkt sé á kostnað aðbúnaðar sem er til staðar til þess að tryggja öryggi ungmenna og starfsmanna. Umræddar aðgerðir taka auðvitað alltaf mið af þeim fjármunum sem fyrir hendi eru í hvert sinn. Nú þegar er búið að skipta út stálhurðum sem voru á tilteknum stöðum auk þess sem til stendur að fá innanhússarkitekt til að vinna tillögu að því hvernig gera mætti lokuðu deildina vistlegri og hlýlegri en það hefur tafist vegna covid-19.

- *Bæta þarf öryggi í þeim tveimur herbergjum deildarinnar þar sem salerni eru staðsett inni á herbergi.*
 - *Skipta þarf um eða lagfæra baðinnréttingar og tæki til að þeir sem þar dveljast geti ekki skaðað sig eða aðra með þeim.*
 - *Bæta þarf frágang á gluggum, ofnum og innréttingum í þessum tveimur herbergjum til að aðbúnaður ógni ekki öryggi barna og starfsfólks.*
 - *Vistlegri og huggulegri og því verið að koma til móts við það – valið þannig inn, leggja mat á hver fer inn í þau rými*

Að mati Barnaverndarstofu og Stuðla býður núverandi aðstaða upp á nægt öryggi fyrir tiltekna einstaklinga. Er horft til þess að leggja sérstakt mat á ástand viðkomandi ungmennisvið innskrift hvort rýmið sé nægilega öruggt eða ekki í fyrirliggjandi tilviki. Með þeim hætti er komið til móts við fyrri ábendingu í 8. kafla að hafa rýmin vistleg og hlýleg. Framangreint hefur verið metið með þeim hætti að hluti þeirra skjólstaðinga sem innskrifast á lokaða deild séu öruggir í þessu rými og því hefur ekki verið ráðist í umræddar breytingar. Aðstæður á lokaðri deild eru í stöðugri skoðun út frá þessum tveimum sjónarmiðum, þ.e.a.s. tryggja öryggi og gæta að því að ungmenni líði sem best í umhverfinu sem það er statt í.

- *Leitað verði leiða til að gera börnum kleift að stýra lýsingu inni á herbergjum sínum.*

Nú þegar er búið að endurnýja lampa sem ungmenni geta fengið inn til sín og þannig stjórnað lýsingunni sjálf. Það er þó metið í hverju tilviki fyrir sig hvort þau geti fengið þessa lampa út frá öryggissjónarmiðum. Ef ekki er hægt að láta þau hafa lampa þá er þeim bent á að þau geti beðið um að hafa ljós kveikt eða slökkt og alltaf orðið við því. Hér er einnig um að ræða atriði sem þarf að útfæra betur til framtíðar út frá húsnæði og kostnaði.

- *Leitað verði leiða til að gera salerni í aðalrými neyðarvistunarinnar vistlegri.*

Hér er um að ræða atriði sem er hluti af því sem innanhússarkitektin mun fara í auk þess sem skoða þarf málið út frá öryggissjónarmiðum og líðan ungmenna á staðnum.

- *Gera þarf úrbætur vegna tveggja nýrra vistplássna sem hafa verið sett upp í tómstundaherbergi neyðar-vistunar og setustofu inn af öryggisrými með það í huga að tryggja betra næði fyrir börn sem þar dveljast. Þá þarf að gæta þess að breytt notkun þessara rýma komi ekki niður á almennri starfsemi deildarinnar að öðru leyti, takmarki t.d. ekki aðgengi að baðherbergi og setustofu þegar þörf er á.*

Nú þegar hefur verið brugðist við framangreindri ábendingu.

- *Koma þarf upp heimsóknaraðstöðu á neyðarvistuninni sem tekur mið af viðkvæmum aðstæðum þeirra barna sem þar dvelja.*

Brugðist hefur verið framangreindi ábendingu með þeim hætti að koma upp forsvaranlegri heimsóknaraðstöðu.

Kaflí 9 – Virkni, bls. 69-71

Ábendingar og tilmæli sem varða virkni og afþreyingu (bls. 71)

- *Því er beint til Barnaverndarstofu og neyðarvistunar Stuðla að taka til skoðunar og meta hvort sú afþreying sem börnum stendur þar til boða taki með fullnægjandi hætti mið af þörfum þeirra og leita leiða til að bæta þar úr, innan þeirra marka sem húsnæði og eðli starfseminnar leyfir. Þá er því beint til neyðarvistunarinnar að tryggja að börn sem þar dvelja hafi möguleika á útivist á hverjum degi ef ástand þeirra leyfir.*

Í kjölfar heimsóknar umboðsmanns hefur margt afþreyingarefni verið endurnýjað auk þess sem bætt hefur verið við það sem er í boði, má þar nefna borðspil, bækur, sjónvarp, leikjatölvu og listsköpunarefni (föndur). Lögð er áhersla á daglega útivist og er almenna reglan að ungmenni hafi aðgang að íþróttasal Stuðla á ákveðnum tímum í hverri viku. Á lokaðri deild er í raun ekki formleg dagskrá þar sem ekki er um eiginlega meðferð að ræða. Vistunin snýr að því að stöðva ákveðna hegðun eða brjóta upp aðstæður og setja ungmenni ákveðinn ramma.

Kaflí 10 – Starfsfólk, bls. 72-76

Ábendingar og tilmæli sem varða starfsmenn (bls. 76)

- *Leitast verði við að hafa samsetningu starfsmannahópsins með þeim hætti að almennt sé hægt að hafa starfsmenn af báðum kynjum á vakt hverju sinni. Við ráðningar í störf á neyðarvistun verði tekið mið af þessum sjónarmiðum, þó að virtum þeim almennu reglum sem gilda um ráðningar opinberra starfs-manna.*

Í langan tíma hafa Stuðlar leitast við að ráða starfsmenn af báðum kynjum. Það hefur ekki alltaf gengið upp en eins og staðan er í dag er þetta í lagi. Þetta er viðvarandi áskorun í starfinu.

- *Fræða þarf starfsfólk neyðarvistunar um viðbrögð við ofbeldi og veita þeim þjálfun í valdbeitingu, sbr. m.a. 4. mgr. 11. gr. laga nr. 15/2016, um fullnustu refsinga.*

Hluti af þeirri vinnu sem farið verður í með nýrri stofnun Barna- og fjölskyldustofu (sjá fylgibréf) er að koma á reglulegri fræðslu og þjálfun í valdbeitingu þar sem einnig verður farið yfir mismunandi heimildir til þvingunar þegar um er að ræða vistun á grundvelli laga um fullnustu refsinga og vistun á grundvelli barnaverndarlaga.

Kaflí 12 – Upplýsingagjöf, bls. 83-85

Ábendingar og tilmæli sem varða upplýsingagjöf til barna á lokaðri deild (bls. 85)

- *Umboðsmaður beinir þeim tilmælum til neyðarvistunar Stuðla að bæta upplýsingagjöf til barna við komu þeirra á neyðarvistun og tryggja að þeim sé afhent skriflegt kynningarefni, eftir atvikum samhliða munn-legri kynningu, m.a. um réttindi þeirra, á máli sem hæfir þroska þeirra og stöðu.*

Líkt og að framan er rakið, sbr. viðbrögð við ábendingum í 7. kafla skýrslunnar, þá hefur verið tekinn saman upplýsingabæklingur sem nú er afhentur ungmennum við innskrift á lokaða deild Stuðla.

Kaflí 13 – Eftirlit og réttur til að fá athafnir og ákvarðanir endurskoðaðar, bls. 86-92

Ábendingar og tilmæli sem varða upplýsingar um kæruleiðir (bls. 91)

- *Endurskoða þarf núverandi reglur og verklag með það í huga að börn og forsjáraðilar þeirra fái fullnægjandi upplýsingar um kvörtunar- og kæruleiðir innan og utan Stuðla á aðgengilegu formi, þ. á m. hvert þau geti leitað með ábendingar, kvartanir og kærur. Þar þarf m.a. að vera skýrt hvaða ákvarðanir eru teknar af forstöðumanni og starfsmönnum neyðarvistunar annars vegar og Barnaverndarstofu hins vegar og hvert er hægt að leita með kvartanir og kærur vegna þeirra. Sama á við um möguleika á endurupptöku mála vegna ákvarðana.*

Í umræddum upplýsingabæklingi kemur fram hvert ungmenni getur leitað með kvörtun auk þess sem starfsmenn Stuðla leiðbeina ungmennum ávallt um kvörtunarleiðir komi upp mál af slíku tagi, sbr. leiðbeiningarskyldu stjórnvalda. Barnaverndarstofa hefur, eins og fram hefur komið, í samtali sínu við félagsmálaráðuneytið óskað eftir því í gegnum tíðina að settar verði reglugerðir á grundvelli 82. gr. barnaverndarlaga m.a. svo það liggi fyrir hvort ungmenni í þessari stöðu geti leitað til úrskurðarnefndar velferðarmála með kvörtun sína. Að mati stofunnar er mikilvægt að með breytingum á barnaverndarlögum verði umræddri kærheimild komið inn í

lögin sjálf svo ekki leiki á vafi á því að ungmenni geti skotið þeim stjórnvaldsákvörðunum sem teknar eru gagnvart þeim inni á Stuðlum til úrskurðanefndarinnar og fengið með þeim hætti hlutlausa skoðun á máli sínu.